

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 15. desember 2020 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Leifur Einar Arason, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson og Einar Gíslason.

1. Stjórn hefur borist fyrirspurn varðandi útleigu á Brekknaási 9.

Framkvæmdarstjóri ræðir við umsóknaraðila og fær meiri upplýsingar um starfsemi sem umsóknaraðili vill halda úti í húsinu. Hugmynd er um að leigja ½ húsið út.

2. Önnur mál:

- a. Reiðleið norður frá Fjárborg.

Fákur óskar eftir að fá línuveginn undir reiðleið.

- b. Deiliskipulagsbreytingartillaga vegna Almannaðals nánast klár.
 - i. Verður kynnt á vef félagsins og Almannaðalssíðunni á Facebook.
 - ii. Fundað verður um hana með umhverfis- og skipulagssviði strax eftir jól.
- c. Lögfræðialit vegna innheimtu félagsgjalda á lóðum Fáks.
- d. Íþróttamaður og íþróttakona Fáks.

Verið er að reikna út árangur knapa og verður kynnt á nýju ári.
- e. Kröfur vegna innheimtu reiðhallarlykla 2021 fara út fyrir jól og verða á eindaga um miðjan janúar. Stjórn samþykkir að halda gjaldi fyrir reiðhallarlykla 2021 óbreyttu.
- f. Kröfur vegna félagsgjalda 2021 verða sendar í pósti eftir samþykkt á Aðalfundi Fáks.
- g. Auglýsa á síðunni okkar að aðalfundur 2019 og 2020 verður haldinn í febrúar.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason